

Góð staða þrátt fyrir gengistap

Helstu atriði ársreikningsins:

- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 49,7 milljónum USD (5.999,4 millj.kr.)¹ samanbórið við 56,8 milljónir USD (6.855,9 millj.kr.) árið áður. Lækkunin er um 7,1 milljón USD (856,5 millj.kr.) á milli ára og skýrist aðallega af hækkun afskrifta.
- Tap samkvæmt rekstrarreikningi nam 13,0 milljónum USD (1.564,7 millj.kr.) á árinu 2016 samanbórið við 30,4 milljónir USD (3.669,8 millj.kr.) hagnað á árinu 2015.
- Unnið var að endurfjármögnun félagsins á árinu þar sem fjármögnun félagsins var að miklu leyti breytt yfir í bandaríkjadal í samræmi við nýjan starfrækslugjaldmiðil félagsins. Gefin voru út skuldabréf, 200 milljónir USD, í lokuðu skuldabréfaútboði í Bandaríkjunum í desember 2016. Greitt var inn á verðtryggt krónulán frá stærsta eiganda félagsins og eftirstöðum skuldbreytt í bandaríkjadali. Í árslok var um 80% af fjármögnun félagsins komin yfir í bandaríkjadali samkvæmt stefnu stjórnar.
- Lausafjárstaða félagsins er sterk, handbært fé í lok árs nam 18,3 milljónum USD (2.202,6 millj.kr.) og handbært fé frá rekstri á árinu nam 52,4 milljónum USD (6.322,6 millj.kr.).

Í byrjun árs 2016 var starfrækslugjaldmiðli Landsnets breytt og er þetta því fyrsta árið sem fyrirtækið er gert upp í bandarískum dal. Fjármögnun félagsins var að mestu leiti í íslenskum krónum og því var niðurstaða ársins Landsneti óhagstæð vegna mikillar styrkingar krónunnar.

Á árinu var unnið að endurfjármögnun fyrirtækisins og náðist stór áfangi í þeim eignum í lok árs þegar fyrirtækið gaf út 200 milljónir USD skuldabréf í lokuðu skuldabréfaútboði fyrir fagfjárfesta í Bandaríkjunum.

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets segir að með breyttri fjármögnun fyrirtækisins hafi verið dregið úr gengisáhættu og hagstæðari vaxtakjör náðust. Með þeim breytingum sem gerðar voru á fjármögnun félagsins hefur gengisáhættan minnkað verulega og fjármagnskostnaður fyrirtækisins lækkaður sem mun koma neytendum til góða í framtíðinni.

„Það er jákvætt að sjá að rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir er góður og í takt við áætlanir. Rekstur Landsnets stendur á mjög traustum grunni og má nær eingöngu skýra tap fyrirtækisins með styrkingu krónunnar á árinu og áhrif þess á fjármagnskostnað. Fyrirtækið var áður með um 80% af fjármögnun sinni bundna í stofnlán frá stærsta eigandanum og var lánið verðtryggt í íslenskum krónum án afborgunarheimildar til ársins 2020. Á árinu áttu sér stað viðræðum við lánveitendur og var stórt skref stigið þegar samningar náðust um innborgun inn á stofnlánið og skuldbreytingu eftirstöðva þess í árslok 2016. Breytt fjármögnun skilar okkur hagstæðari kjörum auk þess sem dregið er úr gengisáhættu.“

Nánar á www.landsnet.is þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 120,67

Tap varð á rekstri félagsins sem nam 13 milljónum USD (1.564,7 millj.kr.) en til samanburðar var félagið rekið með hagnaði sem nam 30,4 milljónum USD (3.669,8 millj.kr.) árið áður.

EBITDA félagsins stóð nánast í stað á milli ára og var á árinu 2016 79,2 milljónir USD (9.553,1 millj.kr.) í samanburði við 79,0 milljónir USD (9.530,5 millj.kr.) árið áður. Tap félagsins og lækkun í afkomu á milli ára má nær eingöngu skýra með styrkingu krónunnar á árinu og áhrifa þess á fjármagnsliði.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala):

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2016	2015
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	129.743	122.735
Rekstrargjöld	(80.026)	(65.920)
Rekstrarhagnaður	49.717	56.815
Hrein fjármagnsgjöld	(66.178)	(18.978)
Áhrif hlutdeildarfélags	205	150
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(16.256)	37.987
Tekjuskattur	3.289	(7.575)
(Tap) hagnaður	(12.967)	30.412

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	31.12.2016	31.12.2015
Efnahagsreikningur		
Fastafjármunir	735.376	709.797
Veltufjármunir	35.441	84.813
Eignir samtals	770.817	794.610
Eigið fé	308.411	323.756
Langtímaskuldir	425.762	435.935
Skammtímaskuldir	36.644	34.919
Eigið fé og skuldir samtals	770.817	794.610

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2016	2015
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	52.396	61.536
Fjárfestingahreyfingar	(42.007)	(35.732)
Fjármögnunahreyfingar	(55.808)	(59.203)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	1.382	(723)
Handbært fé í ársbyrjun	62.290	96.412
Handbært fé í árslok	18.253	62.290

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2016	2015
Helstu kennitölur		
EBITDA	79.167	78.980
	31.12.2016	31.12.2015
Eiginfjárhlutfall	40,0%	40,7%

Rekstrarreikningur

- Rekstrartekjur námu 129,7 milljónum USD árið 2016 á móti 122,7 milljónum USD árið áður.
- Tekjur af flutningi til stórnotenda drógust saman um 2,6 milljónir USD og skýrist það að mestu leyti af lækkun á gjaldskrá um 9% frá 1. júlí 2016.
- Tekjur af flutningi til dreifiveitna jukust um 5,2 milljónir USD á árinu en gjaldskrá hækkaði tvívegis á árinu 2016, fyrst 1. janúar um 10% og svo 1. desember um 13%. Frá 2008 hafði gjaldskrá til dreifiveitna ekki haldið verðgildi sínu og lækkað að raunvirði. Félaginu eru reiknaðar tekjur á grundvelli raforkulaga og voru hækkanir ársins ákvarðaðar á þeim grunni. Lækkun varð á tekjum frá skerðanlegum flutningi á milli ára sem nam 1,7 milljónum USD.
- Tekjur vegna sölu á kerfisþjónustu og orkutaps í flutningskerfinu jukust um 3,9 milljónir USD á milli ára. Gjaldskrá vegna kerfisþjónustu hækkað 1. janúar um 4,5% og gjaldskrá vegna orkutapa um 12,0% . Hækkanir má rekja til herra innkaupsverðs á þessum liðum en gjaldskrá er sett á kostnaðargrunni með 1,5% álagi.
- Rekstrargjöld hækka um 14,1 milljón USD á milli ára en þar af er hækkun á afskriftum 7,3 milljónir USD sem skýrist af viðbótarendurmati á varanlegum rekstrarfjármunum árið 2015. Innkaupum á kerfisþjónustu og orku vegna flutningstapa nemur 4,1 milljón USD.
- Styrking krónunnar gagnvart bandaríkjadal á milli ára nam um 13% í rekstri. Áhrif þess í rekstri félagsins kemur fram í auknum tekjum og hækkun rekstrarkostnaðar. Í heild hefur styrkingin óveruleg áhrif á rekstrarhagnað fyrir fjármagnsliði.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 49,7 milljónum USD samanborið við 56,8 milljónir USD árið áður og lækkar um 7,1 milljón USD á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 66,2 milljónum USD en voru 19,0 milljónir USD á árinu 2015. Hrein fjármagnsgjöld hækka því um 47,2 milljónir USD á milli ára. Félagið var að mestu fjármagnað í íslenskum krónum og skýrir 13% styrking krónunnar að mestu leyti hækkunina á hreinum fjármagnsgjöldum á milli ára. Unnið var að endurfjármögnun á árinu 2016 og í desember var gengið frá óveðtryggðu skuldabréfaútbóði í Bandaríkjunum að fjárhæð 200 milljónir USD. Það skref var mjög mikilvægt fyrir félagið sem fyrsta skuldabréfaútgáfa þess í erlendri mynt. Þá var samið við stærsta eiganda fyrirtækisins um innborgun á stofnlán frá árinu 2005 sem var án afborgunarheimildar svo og skuldbreytingu eftirstöðvar í bandaríkjadali. Í árslok var því búið að ná um 80% af fjármögnun félagsins yfir í bandaríkjadali en áður var um 90% af fjármögnuninni í íslenskum krónum.
- Tap Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 13,0 milljónum USD á árinu 2016 samanborið við hagnað að fjárhæð 30,4 milljónum USD á árinu 2015 og liggur breytingin á milli ára að megninu til í gengismun.

Efnahagsreikningur

- Heildareignir félagsins í árslok námu 770,8 milljónum USD samanborið við 794,6 milljónir USD í lok árs 2015.
- Heildarskuldir námu í árslok 462,4 milljónum USD samanborið við 470,9 milljónir USD í lok árs 2015.
- Lausafjárstaða félagsins er sterk. Í lok árs nam handbært fé 18,3 milljónum USD og handbært fé frá rekstri á árinu nam 52,4 milljónum USD

- Eiginfjárhlutfall í árslok var 40,0% samanborið við 40,7% árið 2015.

Horfur í rekstri

Með þeim breytingum sem gerðar voru á fjármögnun í árslok hefur gjaldmiðlaáhætta félagsins minnkað verulega til framtíðar litið. Áhrif af breytingum á starfrækslugjaldmiðli á EBITDA félagsins er óveruleg enda tekjur og gjöld með náttúrulega vörn gagnvart því. Með breyttri samsetningu lánasafnsins og nýjum lántökum hefur gjaldmiðlaáhætta í efnahag félagsins minnkað verulega þegar til framtíðar er litið.

Áætlanir félagsins fyrir árið 2017 gera ráð fyrir 26,4 milljóna USD hagnaði af rekstri félagsins. Flutningsgjaldskráin er óbreytt á árinu og engar fyrirhugaðar breytingar þar á. Gjaldskrá vegna kerfisþjónustu og tapa tekur á hverjum tíma mið af kostnaðarverði þeirrar þjónustu. Áfram verður unnið að breytingum á lánasafni í takt við stefnu stjórnar með það að markmiði að lengja í afborgunarferlum og afla hagstæðari kjara.

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsnets hf. 2016 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Uppgjör Landsnets er í Bandaríkjadöllum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar 9. febrúar 2017

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsnets, sími 563-9300 eða netfang guidlaugs@landsnet.is